

Lyfjaskírteini - vinnuregla

Mígrenilyf

ATC flokkur: N02CD01 – erenumab (Aimovig)
N02CD03 – fremanezumab (Ajovy)
N02CD05 – eptinezumab (Vyepti)
N02CD06 – rimegepant (Vydura)
N02CD07 – atogepant (Aquipta)

Dagsetning: 1. febrúar 2026

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku við fyrirbyggjandi meðferð með mígrenilyfjum:

- Krónískt mígreni hjá einstaklingum sem hafa ekki svarað eða þolað aðrar fyrirbyggjandi lyfjameðferðir. Samkvæmt ICHD-3 er krónískt mígreni skilgreint sem: höfuðverkur ≥ 15 daga í mánuði í a.m.k. 3 mánuði, þar af ≥ 8 dagar á mánuði mígrenishöfuðverkur

-Tilgreina skal fjölda mígrenisdaga í mánuði.

- Mígreni hefur haft hamlandi áhrif á lífsgæði og vinnufærni og valdið fjarvistum frá vinnu eða haft neikvæð áhrif á athafnir daglegs lífs að hluta eða öllu leiti í a.m.k. fimm daga í mánuði.
- Meðferð með a.m.k. tveimur mismunandi fyrirbyggjandi lyfjum hafa reynst ófullnægjandi eða aukaverkanir komið fram við notkun þeirra, nema sérstök rök mæli með öðru.

-Tilgreina skal hvaða lyf hafa verið reynd og í hve langan tíma.

- Útiloka þarf lyfjaorsakaðan höfuðverk eða meðhöndla hann áður en meðferð hefst.
- Umsókn skal gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

Endurnýjun:

Eftir 3-6 mánuði skal lækni meta virkni lyfsins. Mikilvægt er að sjúklingar haldi vel utan um fjölda mígrenisdaga á meðan á notkun lyfsins stendur. Skilyrði fyrir endurnýjun greiðsluþátttöku er að mígrenisdögum á mánuði hafi fækkað um $>50\%$. Þörf fyrir áframhaldandi meðferð skal metin reglubundið eftir það og gera skal tilraun til að hætta notkun lyfsins eftir góðan árangur í 12-18 mánuði.

- *Tilgreina skal fjölda mígrenisdaga í mánuði áður en meðferð hófst og eftir a.m.k. 3 mánaða notkun.*

Skilyrði fyrir greiðsluþátttöku við bráðameðferð með Vydura:

- Búið er að reyna meðferð með þremur triptan lyfjum og ekki hefur náðst viðunandi árangur eða aukaverkanir leiði til þess að stöðva þurfi notkun þeirra, nema sérstök rök mæli með öðru.
- Meðferð skal hafin af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

Gildistími:

1 ár